

Aðalfundur Hestamannafélagsins Borgfirðings 28, nóvember 2023

Haldinn í félagsheimilinu Borgarnesi

Formaður Eypór Gíslason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann bar upp tillögu um Kristján Gíslason sem fundarstjóra, Kristín Kristjánsdóttir og Rósa Björk ritara. Samþykkt

Kristján tók við stjórn fundarins og byrjaði á því að þakka fyrir viðurkenninguna sem hann fékk á aðalfundi 2022.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboð.

Formaður fékk orðið og flutti skýrslu stjórnar.

Mótahald tókst vel á síðasta starfsári. Félagið átti fulltrúa á heimsmeistaramóti síðasta sumar sem komst í úrslit í sinni grein.

Búið að sækja um að félögin á vesturlandi haldi sameiginlegt úrtökumót fyrir landsmót (Glaður, Borgf, Snæfellingur og Dreyra) í Borgarnesi vorið 2024. Var það samþykkt.

Landsþing LH verður haldið í Borgarnesi í október 2024. Eypór, Sigurbór og Þórdís eru í undirbúningsnefnd fyrir það.

Reikningar félagsins - Þórdís Arnardóttir gjaldkeri.

Sagði frá stöðuna á láninu, búið að borga vel inn á það og ætti að vera hægt að borga það niður í sumar.

Hagnaður af mótum og dansleik

Úr efnahagsreikningi:

Eignir félagsins samtals: 89.376.882.-

Skuldir samtals: 3.811.871.-

Eigið fé samtals: 85.565.011.-

Úr rekstrarreikningi:

Tekjur samtals: 10.577.377.-

Gjöld samtals: 8.550.184.-

Hagnaður fyrir afskriftir og vexti samtals: 2.027.193.-

Hagnaður eftir afskriftir og vexti samtals: 795.119.-

Ársreikningurinn er settur inn á heimsíðu félagsins

Skýrslur nefnda

Mótanefnd. 7 mót voru haldin. 3 KB mót, kvennatölt, íþrótt- og gæðingamót og grímutölt. Öll voru opin nema grímutöltið. Skemmtilegt á því og gaman að sjá metnaðarfulla búninga. Fyrirtæki styrktu mótin vel og sjálfbóðaliðum þökkuð góð og ómetanleg störf. . Mætti vera fleiri sem aðstoða því erfitt eða ógjörningur er að halda mót ef vantar starfsmenn.

Reiðveganefnd. Sveinbjörn Eyjólfsson flutti skýrslu reiðveganefndar. 6 fundir haldnir. 2022 hafði nefndin töliverða upphæð. Send umsókn í áframhaldandi vinnu. Kom ekki nema 2 millj og 800.000.-

Ákveðið að setja alla þá upphæð í Brennistaða veginn. Ættingjar/erfingjar á Brennistöðum stöðvuðu þá framkvæmd amk tímabundið.

Var þá ákveðið að setja um 1.000.000 kr í flugvallavegin og aðra í Bjarnhólahringinn, lagfæra reiðvegi á Kleppjárnsreykjum og Reykholti. Þá var samið við aðila að fara með efni í gerðið á Sópandaskarði og verða greiddar 20.000 kr fyrir það verk.

Komið hafa óskir um breytingar á skráningum reiðvega. Þá er verið að tala um að leggja af reiðvegi í kortasjá. Beðið um að fá þær beiðnir til umsagnar.

Kvartanir vegna umferðar ökuknúinna ökutækja á reiðvegum. Ættum að sammælast um að hætta því.

Húsnefnd félagsheimilis. Marteinn Valdimarsson formaður flutti skýrslu ársins 2023

Ekki haldnir sérstakir fundir en umræður um það sem gera þurfti, þrif, viðhald og þ.h. Mýs hafa verið að gera óskunda í húsinu.

Leigutekjur um 800.000. Þar af 500.000.- frá einu fyrirtæki. Annað var vegna fundarhalda og veisluhalda.

Framundan er að þarf að mála og klæða húsið. Búið að kaupa efni í klæðninguna.

Marteinn sagðist ekki ætla að halda áfram í nefndinni eða öðrum nefndum innan félagsins og þakkaði fyrir sig.

Kristján fór yfir Sportabler og póstlista. Ekki hægt að ná póstlista úr þessu forriti sem er slæmt. Þarf að vinna í því að gera póstlista til að ná til fleirri félagsmanna.

Umræður um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.

Helgi Helgason tók til máls. - Varðandi skýrslu stjórnar er dapurlegt hvað félagsmenn eru lélegir til að starfa fyrir félagið, td við mótahald og annað. Skoðunarnefnd reikninga nefnir útistandandi félagsgjöld séu of mörg. Greiðum til LH og UMSB hvort sem félagsmenn greiði eða ekki. Um 700 þús útistandandi sem er of mikið.

Skoðunarmenn leggja fram svohljóðandi tillögu:

Við undirritaðir skoðunarmenn ársreikninga Hestamannafélagsins Borgfirðings skorum á stjórn félagsins að gera gangskör að innheimta útistandandi félagsgjöld sem og annarra útistandandi krafna útistandandi skuldir, 700.000 vegna ógreiddra árgjalda. Annars er staða félagsins mjög góð. Kemur peningur til æskulýðsstarfa.

Helgi Helgason

Jón Haraldsson

Staða félagsins mjög góð. Tekjur til æskulýðsmála og reiðvega og annara mála. Lítur út fyrir að félagið sé ekki að nýta það fé. Leggja fram tillögu að gerð sé áætlun til nokkura ára hvernig sé verið að nýta td í reiðvegagerð. Þakkar stjórn fyrir fórnfúst starf. Fannst vanta skýrslu æskulýðsnefnd sem hefði unnið gott starf á síðasta ári. Þakkaði stjórn fyrir gott starf og sérstaklega gjaldkera en hvetur gjaldkera til að gera gangskör í að innheimta útistandandi skuld eða strika út þá sem ekki borga.

Þórdís tók til máls og útskýrði reiðvegaféð. Það kemur eftir að uppgjöri líkur hjá félaginu sem er 30. september ár hvert.

Ekki má senda félagsgjöld í innheimtu. Krafan liggur í heimabankanum meðan ekki er greitt. Ekki margt í stöðunni ef félagar greiða ekki.

Ef fólk borgar ekki félagsgjöldin þá fellur það úr félaginu um áramót. Það sem virkar best er að loka á worldfeng aðgang. Ef það er ekki í félaginu þá fellur það úr Sportsabler og getur ekki skráð sig á mót.

Kristján fór yfir mótahaldið enda með talsverða reynslu. Þekkir vel að illa gengur að fá fólk til starfa og er það víðar en hér. Þarf að fara að huga að næsta fjórðungsmóti, verður það hér? eða er tími fjórðungsmóta liðinn.

Eypór fór yfir störf æskulýðsnefndar. Nokkur námskeið voru sem voru vel sótt.

Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða

Fjárhagsáætlun – kynning.

Þórdís fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs.

Árgjöld skili svipað, samdráttur í beitargjöldum

Æskulýðsstarf

Reiðvegagerð – 3.000.000

Sækja um styrk til Borgarbyggðar vegna framkvæmda, t.d. klæðningu á hús

áætluð húsaleiga 2.700.000 reiðhallar, þarf að hugsa um tekjumöguleika. Vantar rekstrarfé til hennar.

LH þing verður hér, ekki mikill kostnaður.

-Kristján nefnir að slit á félaginu Selás sé á lokametrinum og hefur sú vegferð verið farsæl til að koma rekstri reiðhallar í góðan farveg.

Tinna Rut kom með spurningu vegna reiðhallarinnar. Af hverju er ekki hægt að leigja hesthúsið við reiðhöllina í heilan vetur. Af hverju þyrfti alltaf að losa húsið ef eitthvað væri um að vera? Þarna væri tekjumöguleiki. Kristján svaraði að þegar húsið er leigt vegna mótahalds eða námskeiðs þá fylgja stýjurnar með.

Eypór fékk orðið og fór yfir verðlaunaafhendingar og reglurnar um þær. Keppendur skila inn sínum árangri og síðan er reiknað út til kjörs.

Íþróttamaður Borgfirðings

3. sæti Guðmar Þór Pétursson

2. sæti Þorgeir Ólafsson

1. sæti Kristín Eir Hauksdóttir Holaker

Kristján talaði um heimsmeistaramótið hversu ánægjulegt það hefði verið að sjá þar núverandi og fyrrverandi félagar keppa þar.

Eyþór tók til máls, 17 félagar skráðir úr félaginu og 11 gengu í félagið. Taldir upp í fundargerð stjórnar.

Kosning stjórnar.

Þóra Árnadóttir formaður uppstillingarnefndar tók til máls og kynnti tillögur uppstillingarnefndar:

Beitarnefnd:

Ólafur Þorgeirsson formaður, Sævar Þórisson, Sigurður Örn Sigurðsson.

Reiðveganefnd: Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Davíð Sigurðsson, Reynir Magnússon,

Kolbeinn Magnússon, Halldór Sigurðsson.

Æskulýðsnefnd: Helga Rósa Pálsdóttir formaður, Baldur Pétursson, Hafdís Brynja Guðmundsdóttir

Skemmtinefnd: Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir formaður, Gyða Helgadóttir, Baldur Pétursson, Þorsteinn Hjaltason

Laganefnd: Gunnar Örn Guðmundsson formaður, Sigurður Oddur Ragnarsson, Gíslína Jensdóttir.

Fræðslunefnd: Eygló Hulda Óskarsdóttir, Denise Weber, Iðunn Silja Svansdóttir, Katrín Einarsdóttir

Mótanefnd: Gunnar Halldórsson, Eyþór Jón Gíslason, Halldór Sigurðsson, Tinna Rut Elizondo

Umhverfis- og vallarnefnd: Reynir Magnússon formaður, Steinunn Árnadóttir, Valdimar Reynisson, Ísólfr Ólafsson

Húsnefnd: Valdimar Reynisson formaður, Halldóra Harðardóttir, Ingibjörg Marteinsdóttir

Uppstillingarnefnd: Jóhannes Jóhannesson, Helgi Helgason, Þóra Árnadóttir

Reiðhallarnefnd: Ólafur Axel Björnsson formaður, Kristinn Freyr Rúnarsson, Hrannar Hjaltason, Adam Vilhjálmsson, Halldór Ingi Jónsson

Skoðunarmenn reikninga: Jón Haraldsson og Helgi Helgason

Varaskoðunarmenn reikninga: Arna Pálsdóttir, Kristján Gíslason

Stjórn:

Formaður til eins árs: (kosinn á aðalfundi 2023)

Eyþór Jón Gíslason

Stjórnarmenn til eins árs; (kosin á aðalfundi 2022)

Gunnar Halldórsson

Kristín Kristjánsdóttir

Stjórnarmenn til eins árs; (kosin á aðalfundi 2023)

Rósa Björk Jonsdóttir, Friðrika Ásmundsdóttir

Stjórnarmenn til tveggja ára (kosnir á aðalfundi 2023)

Halldór Sigurkarlsson

Steinunn Árnadóttir

Ólafur Axel Björnsson

Eypór tók til máls, Þórdís og Sigurbór munu halda áfram að sjá um LH þingið.

Félags og hagagjöld.

Tillaga frá stjórn um óbreytt árgjald 10.000.- samþykkt

Tillaga frá stjórn um óbreytt hagagjald sumarbeit 4500, haustbeit 4000, heilsársgjald 7.000.- samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Eypór tók til máls. Hann fékk áskorun í upphafi fundar sem hljóðar svo:

Við undirritaðir skorum á stjórn Hmf. Borgfirðings að móta skýra stefnu og reglur um notkun og umferð á reiðvegum sem kostaðir eru af hinu opinbera.

Borið hefur á því á þéttbýlissvæðinu við Hvanneyri að þessir reiðvegir séu notaðir til hrossarekstra sem eru framkvæmdir á vélknúnum ökutækjum, þar sem einn ekur á eftir hrossahópnum sem oft fer á stjórnlausum hraða þar sem enginn fer fyrir. Einnig eru teymingar stundaðar á ökutækjum.

Það er deginum ljósara að þarna skapast gríðarleg hættu fyrir þá sem eru ríðandi á sama tíma og að fá hrossahóp í fangið á fullri ferð er hættulegt.

Þetta er þekkt dæmi á öðrum félagssvæðum

Þar hefur þetta verið alfarið bannað eða gert samkomulag um að rekstrar geti farið fram að morgni dags ákveðna daga í viku og rækilega kynnt á samfélagsmiðlum.

Félagið þarf einnig að beita sér fyrir því að staðsetja skilti við þessar leiðir svo ekki fari á milli mála fyrir hvaða notkun vegslóðinn er

Virðingafyllst

Jón Ólafsson Báraeksstöðum

Benedikt G. Línadal Gufuá

Umræður um þetta. Sagt frá að í Borgarnesi séu auglýstir rekstartímar tvisvar í viku að morgni.

Merkja betur, hver á að gera það?

Fyrirspurn um LH þingið, hver ber kostnaðinn? Lh heldur þingið, félögin borga fyrir sína fulltrúa.

Spurning/umræður úr sal, það eru hross innan svæðisins sem ekki eiga að vera og einnig spottagirðingar þar sem beit hefur verið.

Er ekki rétt á að sömu reglur gildi um allt svæði félagsins. Þetta á við um lausagöngu hrossa og á ekki að vera leyft. Tillaga um að vísa áskoruninni á reiðveganefnd með stuðningi stjórnar.

Tillaga frá Ólafi Þorgeirssyni að eldri félagar borgi áfram árgjaldið. Óskar eftir að það verði lagabreyting fyrir næsta aðalfund.

Ekki fleiri mál

Kristján þakkaði góðan fund og gaf formanni orðið.

Eyþór þakkaði starfsmönnum starfið við fundinn, þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið og bað nýja stjórnarmenn velkomna.

Óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og fundi slitið.